

**Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólastjórar grunnskólanna**

REGLUR UM ÁSTUNDUN Í GRUNNSKÓLUM HAFNARFJARÐAR ENDURSKOÐAÐ

Skólaárið 2020-2021



ágúst 2020

Almennt

Skólastjórar grunnskóla Hafnarfjarðar tóku þá ákvörðun á samráðsfundi sínum þann 12. ágúst 2019, hver fyrir sinn skóla og þá um leið allir saman fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar, að sameinast um samræmdar ástundunarreglur fyrir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar frá hausti 2019. Reglurnar eru í samræmi við tillögur starfshóps sem skilað var til skólastjóranna í júní 2019 – með smávegis viðbót sem er að finna í þessum reglum.

Skólastjórar hafa einnig ákveðið að reglurnar fari í endurskoðun eftir skólaárið 2019-2020 til að meta árangur þeirra og hvort nauðsyn sé á breytingum á þessum reglum í ljósi reynslunnar sem þá mun verða til. Þetta er endurskoðuð útgáfa fyrir skólaárið 2020-2021.

Efnisyfirlit

Almennt.....	2
Efnisyfirlit.....	3
1. TILGANGUR.....	4
2. MARKMIÐ	4
3. FORSJÁRAÐILAKYNNING HAUSTIÐ 2019	5
4. HUGTÖK OG ÚTSKÝRINGAR.....	6
5. REGLUR UM ÁSTUNDUN Í GRUNNSKÓLA.....	7
5.1. Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra	9
5.2 Ferli um leyfi og veikindi.....	11

1. TILGANGUR

Tilgangur þess að vinna að stefnumótun um fjarvistir/seinkomur/brottrekstra og veikindi/leyfi í grunnskólum Hafnarfjarðar er margvíslegur og saman myndar hann mikilvægi þessarar stefnumótunar af þremur þáttum:

- a. Að samræma vinnubrögð, verklag og úrræði svo allir grunnskólanemendur hafi jafnræði varðandi mat á þáttöku sinni í skólastarfinu óháð skólum í Hafnarfirði.
- b. Að það er aukin samfélagstilhneiting að samþykkja minnkandi skolasókn og það þarf að bregðast við henni af ýmsum ástæðum svo viðeigandi virðing sé borin fyrir grunnskólanámi.
- c. Að koma sem mest í veg fyrir óþarfa fjarvistir úr skólastarfinu og fyrirbyggja skólaforðun einstakra nemenda.

2. MARKMIÐ

Markmið þessarar stefnumótunar er:

- a. Að að auka skolasókn nemenda, þ.e. draga úr fjarvistum og brottafalli úr skóla.
- b. Að efla vinnusemi nemenda og vinna gegn kvíða og annarri vanlíðan sem hugsanlega gæti skapast af minnkandi skolasókn, t.d. prófkvíða, félagskvíða, aðgerðakvíða o.þ.h.
- c. Að bæta námsárangur nemenda.
- d. Að vinna að vitundarvakningu skólasamfélagsins um mikilvægi skolasóknar.

3. FORSJÁRAÐILAKYNNING HAUSTIÐ 2020

Til forsjáraðila í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Frá haustinu 2019 tóku við samræmdar reglur um skólasókn, þ.e. um fjarvistir/seinkomur, brottrekstra úr tínum og leyfi/veikindi nemenda, í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þær reglur voru kynntar sérstaklega á síðasta skólaári og þær eru nú endursendar með uppfærslu fyrir þetta skólaár.

Tilgangur þess að samhæfa reglur um skólasókn í grunnskólunum og viðbrögð við þeim er margvíslegur. Í því felst að það sé ekki mismunandi eftir skólum hvernig sé brugðist við minnkandi skólasókn nemenda og það sem stundum er nefnt „skólaforðun“ ef fjarvistir frá skóla stafa ekki af lögmætum ástæðum. Grunnskólanemendur á Íslandi eru skólastyldir en forsjáraðilar hafa samt alla stjórn á að fá leyfi fyrir börn sín. Forsjáraðilar fá hér mikið frelsi og um leið mikla ábyrgð. Reynslan sýnir að leyfum nemenda fjölgar og starfsfólk skóla sér aukna tilhneigingu til að ekki séu alltaf fullnægjandi ástæður sem liggja til grundvallar. Þess vegna þarf skólasamfélagið í Hafnarfirði að bregðast við með því að samhæfa viðbrögð við aukningu fjarvista í grunnskólanámi.

Góð mæting í skóla er viðamikill þáttur í farsælli skólagöngu og vellíðan barna og unglings. Að missa ítrekað úr kennslustundir, t.d. í lestri á yngra stigi eða stærðfræði á eldri stigum, getur haft áhrif á námsárangur. Miklar fjarvistir úr skóla geta verið kvíðavalddandi fyrir börn eða unglings og haft þau áhrif á þróun skólaforðunar og versnandi námsárangur þegar þau missa ítrekað úr námi.

Starfsfólk skóla í Hafnarfirði hefur áhyggjur af minnkandi skólasókn og fjölgun nemenda sem teljast falla undir skilgreiningar um skólaforðun. Í reynd eru allar fjarvistir frá skóla óheppilegar af ýmsum ástæðum og því er ekki gerður greinarmunur á fjarvistardögum þótt greinarmunur sé gerður á tilefni fjarvista. Eftir því sem skólasókn fer minnkandi taka við aukin viðbrögð af hálfu skóla til að koma sem lengst í veg fyrir að námsárangur nemenda versni vegna slakrar skólasóknar og vanlíðan aukist.

Meginefni reglanna er:

1. AÐ VIRÐING SÉ BORIN FYRIR SKÓLASÓKN

Allt skólasamfélagið (forsjáraðilar, nemendur, starfsfólk skóla) verður að bera virðingu fyrir mikilvægi skólasóknar alla 180 skóladaga nemenda í grunnskóla á hverju skólaári.

2. AÐ SKÓLA BERI ENGIN SKYlda TIL SÉRSTUÐNINGS VEGNA LEYFA

Starfsfólk skóla ber ekki skylda til að þjónusta einstaka nemendur sérstaklega vegna fjarvista frá skóla, hverju nafni sem þær nefnast, og skulu forsjáraðilar ekki óska eftir slíkri þjónustu (t.d. að kennrarar gefi út sérstaka heimavinnu eða skilaboð þegar um er að ræða persónuleg leyfi fjölskyldna).

3. AÐ SKRÁÐ SÉ RAUNSKÓLAMÆTING Í LOK SKÓLAÁRS Á VITNISBURÐARBLAÐ NEMANDA

Allar fjarvistir, hverju nafni sem þær nefnast, búa til eina raunmætingareinkunn sem gefin er á vitnisburðarskírteini nemenda í lok skólaárs, sem prósentuhlutfall af skólasókn yfir skólaárið.

4. AÐ GEFIN SÉ ÁRLEG LOKAEINKUNN (A-D) VEGNA SKÓLASÓKNAR Á VITNISBURÐARBLAÐ

Ástundun sem snýr að fjarvistum, seinkomum og brottrekstri úr kennslustundum mynda á einu skólaári skólasóknareinkunn sem hver nemandi fær á matsvarðanum A, B+, B, C+, C og D í samræmi við kvarða (sjá fylgiskjal póstsins).

5. AÐ VIÐBRÖGÐ SKÓLA OG BARNAVERNDAR VIÐ MINNKANDI SKÓLASÓKN SÉU SAMHÆFD

Þótt forsjáraðilar hafi viðtækur heimildir til að tilkynna veikindi og leyfi frá skóla munu skólar bregðast við öllu slíku sem „fjarvistum“ óháð tilefni, í samræmi við reglur. Allar fjarvistir frá skóla eru óheppilegar og miklar fjarvistir (umfram 10% kennslutímans eða 18 skóladaga á skólaári) geta hamlað námsárangri barna. Það er skylda nemenda að mæta í skóla nema að löggild forföll hamli. Umræddar reglur gilda um alla grunnskóla Hafnarfjarðar jafnt og færast með nemendum flytji þeir á milli skóla innan Hafnarfjarðar á skólaárinu.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.

4. HUGTÖK OG ÚTSKÝRINGAR

Hér eru kynnt helstu hugtök sem koma fyrir í tillögum starfshópsins til að skýra þau aðeins nánar.

Brottfallsnemandi: Telst vera sá nemandi sem hefur farið í gegnum öll þrjú ferlin sem hér eru tilgreind, það næst ekki að halda honum virkum í skólastarfinu og hann mætir ekki svo vikum og mánuðum skiptir í skóla. Árlega skulu skólar tilgreina þann fjölda nemenda til skrifstofu fræðslu- og frístundabjónustunnar til tölfraðilegar samantektar árlega.

Fjarvist: Að hafa ekki heimild með leyfi/veikindi í kennslustund. Að mæta ekki í kennslustund innan 20 mínútna eftir að hún hefst eða alls ekki telst vera full fjarvist eða tvö fjarvistarstig.

Fjarvistardagur: Sex kennslustundir (12 fjarvistarstig) búa til einn fjarvistardag (meðaltal þar sem kennslutímar geta verið mismargir eftir skóladögum hjá einstaka nemendum).

Leyfi: Forsjáraðilar taka leyfi en skóli gefur ekki. Öll leyfi teljast til skráningar í rauntímamætingu, þ.e. nemandi hefur 100% þáttöku í upphafi skólastarfs en öll leyfi dragast þar frá líkt og fjarvistir og seinkomur, veikindi og leyfi.

Raunmætingareinkunn: Gefin verður raunmætingareinkunn í lok skólaárs yfir allt skólaárið í prósentum. Nemandi byrjar með 100% skólasókn í upphafi skólaárs og lækkar eftir því sem fjarvistir, seinkomur, brottrekstrar, leyfi og veikindi koma til. Undanþágur hafa ekki áhrif á raunmætingu, þ.e. ef nemandi hefur formlega fengið leyfi undan ákveðinni skólasókn, t.d. undanþága frá dönskukennslu og sundtínum vegna íþróttajálfunar hjá íþróttafélagi. Það sama gildir ef nemandi hefur formlega „skerta stundatöflu“. Aðeins skólastjóri veitir undanþágur til einstakra nemenda og skulu þær skráðar í fundargerð nemendaverndarráðs jafnóðum.

Seinkoma: Mæting í tíma eftir að kennsla kennara hefst telst seinkoma. Ef nemandi mætir meira en 20 mín. eftir að kennslustund hefst telst það vera full fjarvist.

Skólasóknareinkunn: Skólasóknareinkunn er gefin sem lokaerekunn í lok skólaárs (yfir allt skólaárið) sem hæfnieinkunn (A-D) í samræmi við viðmið í þessu skjali, út frá fjarvistum, seinkomum og brottrekstrum úr kennslustundum en ekki leyfum og veikindum. Sjá töflu hér aftar.

Skólasóknarform: Form sem tilheyra hverju stigi í skólasókn og fylgja nemanda milli stiga. Formin eru alls þrjú og eru tvö þau fyrstu kynnt hér. Form fyrir þriðja stig er meðferðaráætlun á vegum Barnaverndar Hafnarfjarðar.

Veikindi: Forsjáraðilar tilkynna veikindi daglega með símhringingu til skóla eða skráningu aðstandenda í umsýslukerfi skóla (Mentor). Öll veikindi teljast til skráningar í rauntíma-mætingu líkt og leyfi, fjarvistir, seinkomur og brottrekstur úr kennslustundum.

5. REGLUR UM ÁSTUNDUN Í GRUNNSKÓLA

Reglur um skólasókn og ástundun í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2020-2021.

Almennar reglur:

1. Ástundun er notað sem samheiti yfir allar fjarvistir í skólastarfi, sem er skipt í tvær tegundir í þessum tillögum. Það eru annars vegar reglur um fjarvistir, seinkomur og brottvikningar úr kennslustundum og hins vegar um leyfi og veikindi.
2. Fjarvistir/seinkomur/brottrekstrar og leyfi/veikindi lúta sitt hvoru viðmiði varðandi eftirfylgni þótt í meginatriðum sé sama skipulag á hvoru tveggja. Það skipulag sem fyrr fer í gang ræður för ef þau eru ekki samhliða.
3. Fylgt er ákveðnu vinnuferli varðandi fjarvistir/seinkomur/brottrekstur og leyfi/veikindi sem skiptist í forstig, viðbragðsstig, hættustig og barnaverndarstig. Tilgangur þessara ferla er að samhæfa viðbrögð við skólasókn í grunnskólum Hafnarfjarðar svo áþekkt ferli mæti nemendum með svipaða skólasókn óháð einstaka grunnskólum. Færist nemandi milli skóla innan Hafnarfjarðar færist skólasókn hans með innan skólaársins, ásamt viðeigandi gögnum sem tengjast skólasóknarferli hans.
4. Sömu skólasóknarform, eitt skólasóknarform fyrir hvert stiganna þriggja, gilda um skróp/seinkomur/brottrekstra og leyfi/veikindi í samræmi við viðmið hér aftar.

Fjarvistir, seinkomur og brottrekstur úr kennslustundum:

1. Ef nemandi kemur í kennslustund eftir að kennsla hefst hjá kennara fær hann eitt fjarvistarstig og telst vera seinkoma.
2. Ef nemandi mætir ekki í kennslustund eða eftir að 20 mínútur eru liðnar af henni telst það vera fjarvist og gefur tvö fjarvistarstig.
3. Ef að nemandi er vikið úr tíma fær hann þrjú fjarvistarstig og er vísað til skólastjórnda.
4. Vísi skólastjórndi nemandi heim úr skólanum út skóladaginn í kjölfar brottrekstrar úr tíma fær nemandi tvö fjarvistarstig til viðbótar, en ekki fyrir aðra tíma sem hann missir af sökum brottvikningaránnar.
5. Skólasóknareinkunn (fjarvistir, seinkomur og brottvísanir úr tíma) er gefin á kvarðanum A, B+, B, C+, C og D. Gefa skal skólasóknareinkunn fyrir alla árganga grunnskólans.

Leyfi og veikindi:

1. Stök leyfi/veikindi sem samtals eru sex kennslustundir telst vera einn fjarvistardagur.
2. Leyfi og veikindi teljast ekki til skólasóknareinkunnar en teljast sem hluti af raunmætingu.
3. Í stökkum tilvikum er ákveðið að ferli fer ekki í gang sökum þess að eðlileg skýring er fyrir hendi og kennari hefur upplýsingar frá forsjáraðilum, t.d. vegna dvalar á spítala.
4. Samhæft leyfistilkynningarform verður fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar sem fylgir tillögum starfshópsins. Það form skal fylla út ef leyfi skal vara í þrjá daga eða lengur.
Leyfistilkynningarform er bæði hægt að útfylla rafrænt eða á pappír. Leyfi í two daga eða minna skal skrá í Mentor af forráðamönnum eða senda tölvupóst/hringja í skóla.

Skólasóknareinkunn:

- Skólasóknareinkunn gildir um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra úr kennslustundum.
- Skólasókn hefst með einkunnina A og lækkar síðan allan veturinn eftir því sem fjarvistir aukast. Ein skólasóknareinkunn gildir fyrir allt skólaárið.
- Möguleiki er að hækka skólasóknareinkunn upp um fjögur fjarvistarstig á viku með óaðfinnanlegrí skólasókn í heila viku. Í samningi við nemanda (skólaform 1 og skólaform 2) er þetta viðfangsefni til umræðu og hvatningar. Ekki er hægt að hækka hærra en í B yfir skólaárið og hefst ekki fyrr en nemandi er kominn í C+ í einkunn eða lægra.

Raunmætingareinkunn:

- Raunveruleg mæting í skóla að frádregnum veikindum, leyfum, fjarvistum og seinkomum. Gefið í prósentum frá upphafi til loka skólaárs. Skólaárið byrjar í 100% og vinnur sig síðan niður eftir því sem mætingar versna. Skráð á vitnisburðarskírteini í lok skólaárs.

Skyringar við orðastyttingum hér áfram:

- Uk umsjónarkennari
- Ná náms- og starfsráðgjafi
- Ne nemandi
- De deildarstjóri stigs
- Fo forsjáraðilar
- Ri ritari skóla

5.1. Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra

ENDURSKOÐUÐ TILLAGA

Fjarvist-starstig	Skólasókn. einkunn	Verklag
0-6	A	SMT skólafærni: Hvatning Nemendur hér fái reglulega hrós fyrir virka mætingu í kennslustundir.
7-12	B+	
13-30	B	<i>Forstig</i> SMT-skólafærni: hvatning og mörk a. Umsjónarkennari (Uk) ræðir við nemanda (Ne). Skráð í Mentor. b. Skóli (Uk/Ri) sendir stöðu ástundunar úr Mentor á forsjáraðila. c. Uk býr til samantekt (á sér form) og sendir deildarstjóra (De). d. LOK stigs (eftir 30 fjarvistarstig): Uk sendir póst á forsjáraðila og tilkynnir að málið fari á viðbragðsstig.
PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA og SAMANTEKT TIL DEILDARSTJÓRA		
31-50	C+	<i>Viðbragðsstig</i> SMT skólafærni: Einstaklingsáætlun, t.d. skólkort, lausnaleit og markvisst eftirlit með viðkomandi. PMTO úrræði: Forsjáraðilaúrræði a. De viðkomandi stigs boðar Uk, Fo og Ne á fund og fyllt út skólasóknarform 1, þ.e. greina vanda og leggur til ákvarðanir í bætta skólasókn (mætingarsamningur). b. De leggur málið fyrir í lausnateymi SMT og úrræði sett af stað út frá verkfærum SMT-skólafærni. Útfyllt skólasóknarform 1 fylgir máli inn í lausnateymi SMT. c. De kallar Fo, Ne (eftir atvikum) og Uk til fundar til að fylgja eftir samningi skv. skólasóknarformi 1. d. Ef fjarvistir halda áfram er forsjáraðilum kynnt næsta stig sem er nemendaverndarráð og þaðan í Brúarteymi. e. LOK stigs (eftir 50 fjarvistarstig): De, í samstarfi við Uk, fyllir út eyðublað B til nemendaverndarráðs. Útfyllt skólasóknarform 1 fylgir með til nemendaverndarráðs.
SKÓLASÓKNARFORM 1 og SKIL TIL NEMENDAVERDARRÁÐS		
51-70	C	<i>Hættustig</i> SMT skólafærni: Eftirfylgni með SMT verkfærum. PMTO úrræði: Forsjáraðilaúrræði. a. Nemendaverndarráð tekur erindi fyrir og vísar til Brúarteymis til frekari vinnslu á hættustigi. b. De boðar Fo og Ne á fund ásamt Uk og náms- og starfsráðgjafa (Ná). Unnið skólasóknarform 2, þ.e. frekari greining og gerðar tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina. c. Vísað til fjölskyldu- og skólapjónustu Brúarinnar þar sem það á við og eftirfylgnifundir skv. lið b. d. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (De) og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti (eftir 70 fjarvistarstig). Útfyllt skólasóknarform 1 og 2 og eyðublaði B fylgir með tilkynningu til barnaverndar.

		SKÓLASÓKNARFORM 2 og BARNAVERNDARTILKYNNING
71 og fleiri (er 37 og fleiri)	D	<p><i>Barnaverndarstig</i> SMT skólfærni nýtt áfram á þessu stigi frá fyrri stigum. PMTO úrræði: Halda fyri úrræðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst og tekur ákvörðun um framhald. b. Mál samþykkt í könnun úthlutað til barnaverndarstarfsmanns - eins fljótt og mögulegt er. c. Könnunarfundur með forsjáraðilum, nemanda og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni. d. Meðferðaáætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkkennsla, PMTO meðferð, tilslón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar í c lið. e. Eftirfylgnifundir barnaverndar með forsjáraðilum og skóla. f. Lok máls. <p>Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálfir varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið. Þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.</p> <p>Form könnunarfundar og meðferðaráætlunar barnaverndar</p>

Nemandi sem vinnst ekki á barnaverndarstigi er brottafalsnemandi, þ.e. nemandi er samt áfram skráður í skóla þótt hann stundi ekki námið.

5.2 Ferli um leyfi og veikindi

Fjarvist-dagar	Verklag
0-9 dagar	Nemendur fá hrós fyrir virka mætingu í skólann.
10-14 dagar	<p><i>Forstig</i></p> <ul style="list-style-type: none"> a. UK hringir í Fo til að átta sig á stöðunni. b. Mat Umsjónarkennari/deildarstjóri hvort leggja þurfi til að nemandi fari ekki í skólaforðunarferli vegna skýranlegra orsaka (t.d. langveik börn, slys) á sérstakt eyðublað. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri þarf að staðfesta og geymt í persónumöppu. c. Skóli (Uk/Ri) sendir forsjáraðilum (Fo) tölvupóst og kynnir næstu skref (viðbragðsstig). <p style="text-align: center;">PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA, SAMANTEKT TIL DEILDARSTJÓRA</p>
15-18 dagar	<p><i>Viðbragðsstig</i></p> <p>SMT skólaufærni</p> <ul style="list-style-type: none"> a. De viðkomandi stigs boðar Fo og Ne á fund ásamt umsjónarkennara (Uk), greinir vanda og mögulega lausnir; gerður mætingarsamningur við Fo og Ne (fer eftir aldri). Skólasóknarform 1 útfyllt. b. LOK stigs (eftir 18 fjarvistardaga): De, í samstarfi við Uk, útfyllir eyðublað B. Útfyllt skólasóknarform 1 fylgir með á næsta stig. <p style="text-align: center;">SKÓLASÓKNARFORM 1 og SKIL TIL NEMENDAVERDARÁÐS</p>
19-29 dagar	<p><i>Hættustig</i></p> <p>SMT skólaufærni</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Nemendaverndarráð tekur erindi fyrir og vísar til Brúarteymis til frekari vinnslu á hættustigi. b. De boðar Fo og Ne á fund ásamt Uk og náms- og starfsráðgjafa (Ná). Unnið skólasóknarform 2, þ.e. frekari greining og gerðar tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina. c. Vísað til fjölskyldu- og skólapjónustu Brúarinnar þar sem það á við og eftirfylgnifundir skv. lið b. d. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (De) og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti (eftir 29 daga). Útfyllt skólasóknarform 1 og 2 og eyðublaði B fylgir með tilkynningu til barnaverndar. <p style="text-align: center;">SKÓLASÓKNARFORM 2 og TILKYNNING TIL BARNAVERNDAR</p>

**30 dagar
eða fleiri**

Barnaverndarstig

SMT skólaufærni nýtt áfram á þessu stigi frá fyrri stigum.

PMTO úrræði: Halda fyrri úrræðum.

- a. Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst og tekur ákvörðun um framhald.
- b. Mál samþykkt í könnun og úthlutað til barnaverndarstarfsmanns - eins fljótt og mögulegt er.
- c. Könnunarfundur með forsjáraðilum, nemanda og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni.
- d. Meðferðaráætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar í c lið.
- e. Eftirfylgnifundir barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.
- f. Lok máls.

Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálf varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið, og þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.

Form könnunarfundar og meðferðaráætlunar barnaverndar